I. Til dómsmálaráðherra um réttarrannsókn á starfsemi S. Í. F.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Er lokið réttarrannsókn þeirri, sem hafin var 1950 á saltfisksölu Sambands íslenzkra fiskframleiðenda, og ef svo er, hverjar voru niðurstöður þeirrar rannsóknar?
2. Verður mál höfðað á hendur ráðamönnum S. Í. F. í framhaldi af þessari rannsókn?

II. Til ríkisstjórnarinnar um rannsókn sjóslysa.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin látið framkvæma þá rannsókn á sjóslysum, sem henni var falin með þingsályktunartillögu frá 12. des. 1951?
2. Hver hefur orðið niðurstaða þeirrar rannsóknar?
3. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin að gera í þessu efni?

III. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu uppbóta á sparifé.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvers vegna hefur sparifjáreigendum ekki verið greidd uppbót sú, sem ákveðið var í gengisskráningarlögunum frá 1950, að þeim skyldi greidd?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um launalög.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hefur nefnd sú, sem starfað hefur að endurskoðun launalaganna, lokið störfum?
2. Ef svo er, hyggst ríkisstjórnin þá að leggja tillögur hennar fyrir Alþingi það, sem nú situr, eða annað frv. til nýrra launalaga?
3. Hyggst ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi það, sem nú situr, frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

V. Til ríkisstjórnarinnar um STEF og þátttöku Íslands í Bernarsambandinu.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hverjar hafa verið heildartekjur STEFS, síðan það var stofnað:
   a. frá ríkisútvarpinu,
   b. frá öðrum aðilum?
2. Hversu mikið hefur það greitt fyrir höfundarrétt:
   a. íslenzkum mönnum,
   b. útlendum mönnum?
3. Hversu miklu nema greiðslur til hvers um sig af þeim 10 íslenzkum höfundum, sem hæstar greiðslur hafa fengið, og hversu miklu greiðslurnar til hvers um sig af þeim 10, sem lægstar greiðslur hafa fengið?
4. Hversu miklu hefur numið stjórnar- og skrifstofukostnaður STEFS, síðan það var stofnað?
5. Hversu mikið hefur verið yfirfært á vegum STEFS til erlendra manna vegna höfundarréttar, síðan Ísland gerðist aðili að Bernarsambandinu, og hversu mikið er óyfirfært af fé, sem greiða skal?
6. Hversu miklar gjaldeyristekjur á vegum STEFS hafa íslenzkir menn hlotið á sama tíma?